

11. gr. Ný grein svo hljóðandi:

Sýslunefnd kys í byrjun hvers kjörtímabils trúnaðarmann innan sýslunnar, sem hafi yfirumsjón með allri grenjavinnslu og eyðingu refa í sýslunni. Skal hann samþykkja ráðningu starfsmanna og getur gert kröfu til þess, að sami skotmaður starfi í fleiri en einum hreppi, ef hann telur hann sérstaklega vel hæfan til starfsins. Skulu trúnaðarmanni sendir allir reikningar yfir refaveiðikostnað innan sýslunnar, svo og fyrir skotnar hlaupatófur, ásamt vottorði tveggja óvilhallra manna, um að dýrunum hafi verið eytt. Skulu refaveiðireikningar frá hreppsnefndum sendir trúnaðarmanni fyrir 1. sept. Sendir hann síðan reikningana, ásamt athugasemdum sínum, ef nokkrar eru, til oddvita sýslunefndar svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en svo, að grenjavinnslukostnaður verði greiddur viðkomandi hreppsnefnd fyrir áramót. Allur kostnaður við starf trúnaðarmanns greiðist úr sýslusjóði, og ákveður sýslufundur þóknun fyrir starf hans.

101

6. júní

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 102 31. ágúst 1937.

102

6. júní

1. gr.

Aftan við greinina bætist: Heimilt skal hreppsnefnd að fela stjórn búnaðarfélags viðkomandi hrepps framkvæmd fjallskilamála í hreppnum með þeim réttindum og skyldum, sem hreppsnefndum eru ákveðin í reglugerð þessari.

8. gr.

Aftan við greinina bætist: Markaskrá skal fylgja myndaskrá yfir öll mörk.

15. gr.

Orðist þannig: Hver hreppsnefnd skal skípa fyrir um fjársmalanir eina eða fleiri að vori, til rúnings eða mörkunar, á þeim tíma, er hentast þykir, og er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrir mælum hennar í öllu því, er smölunina snertir. Skulu hreppsnefndir reyna að haga svo til, að smölun þessi fari fram sama dag í þeim hreppum, þar sem lönd liggja saman.

16. gr.

Í stað orðanna: „Í ómakslaun“ o. s. frv. komi: Ómakslaun greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

20. gr.

Við greinina bætist: og skylt skal að láta fara fram aukaleit, ef $\frac{1}{10}$ hluti fjáreigenda viðkomandi hrepps óskar þess,

102

6. júní

Orðist svo: Skyllt skal hverjum ábúanda eða húsráðanda, sem fé á, að gera fjallskil fyrir sig, hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fyrir það fé, er hann kann að hafa tekið til upprekstrar úr öðrum hreppum. Lausamenn og húsmenn, sem eiga 10 kindur á fjalli, skulu gera fjallskil, enn fremur notendur eða eigendur jarða, þótt enga kind eigi, nema sannað sé, að eigandi geti á engan hátt notað sér jörðina. Heimilt er hreppsnefnd, telji hún það betur henta, að taka í sínar hendur ráðningu manna til fjallskila, og skal þá jafna kostnaði niður á fjáreigendur eftir fjártölu og landeigendur, sem ekki eiga fé, eftir hundradatölu í jörð.

22. gr.

Orðist svo: Hver, sem á færri en 10 kindur á fjalli, svo og notendur eða eigendur jarða, sem enga kind eiga, geta valið um að fara í göngur einn sér eða í samlögum við aðra, eða að greiða í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þá upphæð fyrir hverja kind eða hundrad í jörð, sem hreppsnefnd ákveður, sbr. þó síðustu málsgrein 21. gr.

25. gr.

Niður falli orðin: „áliti meira hluta þess flokks, sem hann er í og“.

39. gr.

Í stað orðanna: „fyrir geymslulaun greiðast 15 aurar yfir sólarhringinn hverja kind“, komi: Geymsla greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

103

7. júní

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að alþingismaður Gísli Sveinsson hefur lagt niður þingmennskuumboð sitt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 1. júlí n. k. að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Skaftafellssýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 13. júlí n. k.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna, styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingafresturinn skal felldur alveg niður og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. gr. styttist í 2 vikur og úrskurðir samkvæmt 21. gr. skulu ganga viku fyrir kjördag.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.